# Bréf til Bjarna: Bréfritari Kristín, 5. mars 1931

Bjarni Benediktsson – meiðyrðamálin – skaðabótamál – falsaður vixill – geðveikralæknir -

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-1, Örk 11

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifa aftur 30. mars. 1931.

Reykjavík 5-3-31

Góði frændi! Þakka þér kærlega fyrir bréf þitt um daginn. Af okkur er eiginlega fundugött að frétta, Helgi hefir alt af miklum praxis, en náttúrl. er afar-erfitt og ófullnægjandi fyrir hann að stunda fólk á þennan hátt; svo heldur hann 2 fyrirlestra á viku annan í læknadeild og hinn í guðfræðideild× og er náttúrl. mikil vinna við það.
Baldur skrifar oft fyrir hann eftir diktati og býr til nýyrði og skemta þeir sér mjög vel við það. Baldur er hinn sprækasti í vetur sýnist mér hann ekki hafa verið svona hress í mörg ár.
Svo eru það nú málaferlin. Meiðyrðamálin eru nú öll til lykta leidd nema Hannesar Jónssonar og Gísla Guðm.; það eru 2 mánuðir síðan það fór til dóms en dómur ekki kominn enn. Hinir allir voru dæmdir í 100-150 kr. sekt og 100 kr. í málskostnað, það þykir mér nokkuð lítið, til samanburðar má segja Mbl. var dæmt í 100 kr. sekt fyrir „bera" að hafa sagt um Hannes J. að hann væri leiguþý.

× um Psycopathologi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

En það verður þó látið þar við sitja. Eins er kominn Hæstaréttardómur um meðalalistana Sveinbj. sagði Helga að hann yrði líka að tala í Hæstarétti því þetta væri svo specielt mál Svb. var afar ánægður með sína vörn og varði H. og bjóst jafnvel við að mega setja listana aftur. En dómurinn hljóðaði svo að: „þar eð ekki virtist útilokað að viðtakandi læknir gæti orðið þessir listar að gagni yrði fógetaúrskurðinum ekki hnekt," og málskostnaður féll niður. Annars ekkert minst á forsendur Björns, en hinir lagafróðu segja að þar með sé þeim hnekt. Svbj. var ánægður með þetta, hann sagði að aðalatriðið væri að þeir hefðu bund til aðrar forsendur; hefðu þeir úrskurðað að sama reglugjörð gilti fyrir báða spítalana, þar eð engin hefði verið skrifuð fyrir þann nýja, þá hefði þar verið ótal möguleikar fyrir málshöfðanir og skaðabótakr. á hendur Helga fyrir brot á reglugjörðinni Í morgun hafði svo komið dómur í skaðabótamálinu. Helga eru dæmdar 6 mánaða laun og húsaleiga, engar skaðabætur. Helgi talaði við Jón Ólafsson í síma og hann hafði heyrt dóminn og hann sagði að sér virtust forsendurnar þannig að ómögulegt væri annað en afrýja dóminum

meðal annars hvað standa að „náttúrl. hafi heim-sókn til J. ekki verið neitt embættisbrot, en unggæðislegt flan byggt á of miklu trausti á bók-legri þekkingu" og gefið í skyn að á bak við H. hafi staðið politisk klika. Mér finnst nú að hér um bil allir vitrir menn og góðgjarnir hafi yfirgefið landið með ykkur bráðum Eg vildi nú að þú værir kominn til að ráð-leggja okkur. H. átti 500 kr. inni fyrir observa-tionserklæring, sem dómsmálar. neitaði að borga en það dæmdi Björn honum í morgun.
Þú munt hafa heyrt um Úlf Jónsson, hann hafði falsað víxil. Faðir hans kom til Helga og sagði að fulltrúi hefði sagt að þetta væri svo kjánalega gert að ástæði væri til að láta geðveikralæknir athuga hann, en það yrði að vera embættislæknir, svo hafði hann verið að hvala um hvort H. vildi ekki skoða hann og ~~og~~ „behandla" hann. Jú, H. sagðist skyldu gera það ef til hans þegar búið væri að athuga hann. Nokkru seinna ~~sagist~~ hring-ir Þórður á Kleppi og spyr hvort B. J. hafi ekki talað við hann og er þá að malast til að H. skoðaði Úlf, því hann vissi ekki almennilega undir hvaða sjúkdóm hann ætti að heimfæra hann. H. sagðist ekki venda neinn hver hvaða geð sjúkdómur væri að honum þó hann talaði einu sinni við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manninn. Þ. sagðist þekkja hann vel og auðvitað væri hann Psycopat., en H. færðist undan, sagðist ekki koma nálægt slíku nema eftir skriflegri beiðni frá lögreglustj. enda verða Gæzlunar eftir eitt samtal. dál. Ólagil. Helgi er nú að koma heim, hitti hann Sveinbj. og var S. mjög argur næsti reiður yfir dómnum, og þótti það annað nýstárlegt að dómarar færu nú að meiðyrða menn. Jón Þorláksson er enn að bendast með tillöguna sína um Helga. Við vitum nú ekkert hvað því líður, Helgi minnist ekki á það við nokkurn mann, hann segir að enginn skuli geta sagt að þettað sé fyrir undirráður frá sér eða hann hafi agiterað, en ég veit nú ekki nema hann ætti að gera það úr því þetta er í gangi. Ekki veit ég hvað J. Þ. meinar með þessu eða hvaða gagn þetta getur gert, ekki lætur maður sér detta í hug að till. verði samþykkt.
Það var svívirðilegt að þeir skyldu ekki kjósa pabba þinn fyrir forseta, en þó fanst mér það dál. gott, þeir hafa ekki treyst sér til að stinga honum í vasann. Nú er altalað að þeir ætli ekki að hafa hann í kjöri í sumar, en Tryggvi segir að það muni verða eins og vant er. Ásgeir í Lindarbæ kemur oft (Ragnar aldrei) og hann sagði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Meðal annars hvað standa að „réttlínt hafi heim-
sóknin til J. ekki verið neitt embættisbrot, en
ungæðislegt flan byggt á of mikilli trausti á bók-
legri þekkingu" og gefið í skyn að á bak við
H. hafi staðið pólitísk klíka. Mér finnst nú að
hér um bil allir vitrir menn og góðgjarnir
hafi yfirgefið landið með ykkur bræðrum
Ég vildi nú að þið væruð komnir til að ráð-
leggja okkur. H. átti 500 kr. inni fyrir observa-
tionserklæring, sem dómsmálar. neitaði að borga
en það dæmdi Björn honum í morgun.
Þið munið hafa heyrt um Úlf Jónsson, hann
hafði falsað víxil. Faðir hans kom til Helga
og sagði að fulltrúi hefði sagt að þetta væri
svo kjánalega gert að ástæða væri til að láta
geðveikralæknir athuga hann, en það yrði
að vera embættislæknir, svo hafði hann
verið að þvæla um hvort H. vildi ekki skoða
hann og ~~seg~~ „behandla" hann. Jú, H. ~~sagði~~
skyldu gera það ef til kæmi þegar búið væri
að athuga hann. Nokkrum seinna ~~segist~~ hring-
ir Þórður á Kleppi og spyr hvort M. J. hafi
ekki talað við hann og er þá að mælast
til að H. skoðaði Úlf, því hann vissi ekki
almennilega undir hvaða sjúkdóm hann
ætti að heimfæra hann. H. sagðist ekki
venda neinn tær hvaða geð sjúkdómur væri
að honum þó hann talaði einu sinni við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

manninn. Þ. sagðist þekkja hann vel og auðvitað væri hann Psycopat., en H. færðist undan, sagðist ekki koma nálægt slíku nema eftir skriflegri beiðni frá lögreglustj. enda venda þáfnnar eftir eitt samtal. dál. Wagil. Helgi er nú að koma heim, hitti hann Sveinj. og var S. mjög argur næstum reiður yfir dómnum, og þótti það ærið nýstárlegt að dómararnir færu nú að meiðyrða menn. Jón Þorláksson er enn að bundast með tillöguna sína um Helga. Við vitum nú ekkert hvað því líður, Helgi minnist ekki á það við nokkurn mann, hann segir að enginn skuli geta sagt að þetta sé fyrir undirráður frá sér eða hann hafi agiterað, en ég veit nú ekki nema hann ætti að gera það úr því þetta er í gangi. Ekki veit ég hvað J. Þ. meinar með þessu eða hvaða gagn þetta getur gert, ekki lætur maður sér detta í hug að till. verði samþykkt.

Það var svívirðilegt að þeir skyldu ekki kjósa pabba þinn fyrir forseta, en því fannst mér það dál. gott, þeir hafa ekki treyst sér til að stinga honum í vasann. Nú er altalað að þeir ætli ekki að hafa hann í kjöri í sumar, en Tryggvi segir að það muni verða eins og vant er. Ásgeir í Lindarbæ kemur oft (Ragnar aldrei) og hann sagði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þeir ætluðu að hafa Gísla Guðmundsson en að honum mundi ekki bjóðast sína sig ef pabbi þinn væri líka. Það vildi ég að þú værir nú í sumar til að styðja hann og styrkja í að bjóða sig fram, hann er svo góður og heiðarlegur maður að hann má ekki af þingi fara. Helgi hitti Ó. Th. um daginn og H. menn í húsi einu, þeir drukku kaffi og vín þá rætt um pólitík hina miklu óöld í landinu. Sagði Ó. Th. þá að hann vildi sjá Ben. Sv. í andstöðu við þessa stjórn, hann væri sá mikil iðlegasti þingmaður sem hann hefði séð, þegar hann talaði í máli sem hann hefir áhuga á. Þarna voru fleiri merkir menn og H. sagði að allir hefðu verið sammála um að synir Ben Sv. væru ~~þeir~~ efnilegastir ungra manna nú. Útvarpið er misbrúkað á hinn svívirðilegasta hátt.

Tómas ber afarmikla virðingu fyrir þér síðan þú sendir honum kortið í póstinum, við byrjunina etc. Karneval frá Þýzkalandi um daginn og þá hélt hann endil. að hann hefði þig blæja þar og var mjög hrifinn. Hann biður náttúrl. að heilsa. Það er búið að skýra ~~systir~~ dóttur okkar hinu heiti Ragnhildur

Eg hætti nú í þetta sinni
Helgi biður að heilsa þér.

Vertu blessaður. þín frænka
Kristín

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur